

Veganesti fyrrverandi yfirmanna

Guðrúna Högnadóttir finnst tímabært að færa nokkrum fyrrverandi yfirmönnum sínum ólittinn vírðingavott með hlöðsón af því hvað hún hefur lært af þeim á lífsleiðinni.

„Eitt af fyrstu alvörustörfunum mínum var á stóru sjúkrahúsi í Bandaríkjunum, UNC Hospitals í Chapel Hill, þar sem ég starfaði með framkvæmdastjórnunum Mary Beck. Hún bar ábyrgð á gríðarlegum fjármunum og öllum tækjakaupum og allri þróunarmálinni fyrir sjúkrahúsið. Það sem er mér svo eftirminnilegt þegar við gengum eftir sjúkrahúsgöngunum er að þá var henni ekki slóur umhugað um smáatriðin og tók t.d. ávallt upp tau eða rusl sem hafði dottið af vögunum á göngunum og gekk sjálf frá. Það er mikilvæg jafnvægsþúfa að horta í smáatriðin sem og að hafa yfirsýn yfir stóru málaflokkana.“



Svo var það einstakur yfirmaðurinn á Borgarspítalanum, Sigurilín Gunnarsdóttir, sem var hjúkrunarforstjóri. Mér verður oft hugsað til forgöngu hennar og hef alltaf kunnað að meta hvað hún var óhrædd við að leita til mín þótt ég væri á tálningalsíðri og óbreyttur fulltrúi á skrifstofu

hjúkrunarforstjóra. Hún bað mig oft að hlusta á ræður eða gefa endurgjöf á skýrslur sem hún var að skrifa. Bara það að hún skyldi sýna mér þetta traust og efla þannig sjálftraust mitt og sýna auðmykt er nokkuð sem ég gleymi aldrei.

David Á. Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, bauð mér að starfa á spítalanum þegar ég var enn í meistaranámi og þar starfaði ég í sjö ár við að byggja upp nýja einingu til einkaða gæðastjórnunar, fræðslu- og þróunarmála sem var þá óþekkt. Það að hann skyldi treysta mér til þess að vinna að þessu mikilvæga verkefni, sem hafði litla formlega forsögu, og líka gefa mér tækifæri til þess að vinna að ástríðu minni fyrir umbótum með framúrskarandi fagfólki er nokkuð sem ég hef alltaf kunnað að meta við hann.“

Bjarni Hólm, sem var forstjóri VSÓ ráðgjafar sem síðar varð Deloitte ráðgjafi, er fjórði yfirmaðurinn sem er Guðrúna minnisstæður. „Ég kunni svo vel að meta það viðhorf hans að árangur í sölu og rekstri byggist fyrst á orðspori og fagmennsku. Viðvarandi rekstrar-árangur sérþekkingartýrtaekja verður ekki skapaður með markaðsmaskinu eða snillið í

almannatengslum, heldur okkar verkum.“

Ég get ekki sleppt því að tala um Svöfu Grönfeldt sem rektor HR og núna framkvæmdastjóra hjá Alvogen. Hún er alltaf óhrædd við að stiga af fullum þunga inn í flókin verkefni. Hún gerir þetta líka alltaf af gleði og vírðingu. Þó svo að hún sé sjálf einstaklega skapandi og klár leitar hún ávallt eftir samtal við hópin og virkjar ólíkt fólk í kringum sig til þess að ná betri mynd og niðurstöðu.

Að lokum er það Henry Rawett, samstarfsmaður minn í Svipjóð og meðelgandi FranklinCovey Nordic. Hann er einstaklega laginn í að hlusta og skilja og beltir ótrúlegri færni í samningum. Hann er alltaf óhræddur við að sjá aðrar leiðir og les og virðir ólíka menningarhelma og fjölbreytileika fólks.“

„Eitt af fyrstu alvörustörfunum mínum var á stóru sjúkrahúsi í Bandaríkjunum, UNC Hospitals í Chapel Hill, þar sem ég starfaði með framkvæmdastjórnunum Mary Beck.“